

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F100/2021

Reykjavík, 29. júní 2021

Alma Möller  
landlæknir  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík

Óskar Reykdalsson, forstjóri  
Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu  
Álfabakka 16  
109 Reykjavík

Það tilkynnist hér með að ég hef lokið forathugun minni á framkvæmd bólusetninga vegna heimsfaraldurs COVID-19 sem laut að upplýsingum og leiðbeiningum sem veittar voru vegna hennar. Tilefni athugunarinnar voru ábendingar og kvartanir sem mér höfðu borist og lutu með einum eða öðrum hætti að aðstæðum þeirra sem ekki töldu öruggt að þiggja bóluefni frá AztraZeneca, málsmeðferðar í þeim tilvikum þar sem einstaklingar sem töldu sig hafa ranglega verið boðaðir í bólusetningu með bóluefni frá AztraZeneca höfðu leitað til heilugæslunnar af þeim sökum og stöðu þeirra einstaklinga sem tilheyrðu skilgreindum forgangshópum, eftir því sem mælt var fyrir um í 2. mgr. 4. gr. a. reglugerðar nr. 221/2001, um bólusetningar á Íslandi, en höfðu hafnað boðun í bólusetningu vegna þeirrar tegundar bóluefnis sem viðkomandi stóð til boða það skiptið.

Af þessu tilefni var landlækni ritað bréf, dags. 11. maí sl., þar sem óskað var upplýsinga um ofangreind atriði. Í svari sóttvarnalæknis og verkefnastjóra bólusetninga, dags. 14. maí sl., kom m.a. fram að fyrirspurnum varðandi það hvernig málsmeðferð væri háttað í kjölfar þess að einstaklingur hefði snúið sér til heilsugæslu vegna þess að viðkomandi hefði verið ranglega boðaður í bólusetningu með bóluefni frá AztraZeneca væri rétt að beina til heilsugæsluumdæmanna þar sem sóttvarnalæknir stýrði ekki skipulagi þeirrar starfsemi. Í kjölfarið var óskað eftir því að forstjóri Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu veitti upplýsingar að þessu leyti. Í svari framkvæmdastjóra lækninga, dags. 27. maí sl., kom fram að einstaklingum sem vildu ekki þiggja úthlutuðu bóluefni, hvort sem væri vegna heilsufarslegra atriða eða af öðrum ástæðum, hefði verið ráðlagt að leita til sinnar heilsugæslustöðvar þar sem upplýsingar þar um væru skráðar. Farið væri yfir sjúkrasögu viðkomandi og hún uppfærð ef tilefni væri til. Upplýsingum um þessa einstaklinga væri svo komið með reglulegum hætti


til þeirra sem sæju um boðanir í bólusetningar. Þeir einstaklingar sem væru ekki með þær heilsufarslegu frábendingar sem tilgreindar væru af sóttvarnalækni hafi verið upplýstir um að þeim myndi bjóðast annað bóluefni eins fljótt og nægt bóluefni væri komið til landsins. Einstaklingur væri merktur í bólusetningargrunn þar sem fram kæmi að hann óskaði eftir öðru bóluefni. Einstaklingurinn væri enn inni í grunninum með sinn forgang skilgreindan og fengi því boð aftur þegar sá hópur væri bólusettur með öðru bóluefni. Vegna óvissu um framboð hefði ekki verið hægt að svara nákvæmar um tímasetningar en að stefnt væri að bólusetningu þeirra á opnum bólusetningardögum um miðjan júní.

Auk ofangreinds var sóttvarnalækni ritað bréf, dags. 18. maí sl., þar sem óskað var eftir upplýsingum og skýringum um stöðu þeirra sem tilheyra forgangshópum í bólusetningu en hefðu ákveðið að þiggja ekki bólusetningu vegna þeirrar tegundar bóluefnis sem viðkomandi stóð til boða það skiptið. Í svari sóttvarnalæknis, dags. 19. maí sl., kom fram að í tilvikum einstaklinga, sem tilheyrðu forgangshópum en þæðu ekki bólusetningu á þeim grunni að læknir hafi mælt með öðru bóluefni, hafi viðkomandi verið boðið annað bóluefni að gefnum tilmælum læknis. Hefði einstaklingur sem tilheyrir forgangshópi hins vegar ekki viljað þiggja bóluefni af öðrum ástæðum hafi viðkomandi þurft að bíða eftir opnum tímum. Ofangreind bréfaskipti hafa verið birt á vefsíðu umboðsmanns, [www.umbodsmadur.is](http://www.umbodsmadur.is).

Í ljósi þeirra upplýsinga og skýringa sem mér hafa borist frá landlækni og Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu tel ég ekki tilefni til þess að taka framkvæmd bólusetninga vegna COVID-19, þ.e. varðandi þau atriði sem að ofan greinir, til frekari athugunar. Horfi ég þá einnig til þess að framgangur bólusetninga er háður ýmsum þáttum, t.d. afhendingu bóluefna og framkvæmd samninga við framleiðendur þar um, mætingu þeirra sem boðaðir hafa verið í bólusetningu hverju sinni o.fl. Þá liggur fyrir að heilbrigðisráðherra hyggst afnema ofangreint ákvæði reglugerðar nr. 221/2001 um forgangsröðum í bólusetningu vegna COVID-19.

Með vísan til framangreinds tel ég því ekki líkur á því að frekari athugun mín muni leiða til þess að ég hafi forsendur til að gera athugasemdir varðandi þau atriði sem voru til skoðunar í málinu. Ég mun þó áfram fylgjast með þessum málum, þ. á m. með hliðsjón af þeim kvörtunum og ábendingum sem mér kunna að berast, og taka til frekari athugunar ef ég tel ástæðu til.

Virðingarfyllst,



Skúli Magnússon